

Fundargerð aðalfundur 16. september 2020 kl. 17:30.

Haldinn í húsaáskynnum Rafmenntar við Stórhöfða í Reykjavík.

### **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir formaður setti fund og stakk upp á Guðjóni L. Sigurðssyni sem fundarstjóra og Erni Guðmundssyni sem fundarritara. Samþykkt.

### **2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári**

Rósa flutti skýrslu formanns.

### **3. Reikningar lagðir fram til samþykktar**

Örn gjaldkeri stjórnar kynnti ársreikning 2019 og lagði fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Umræða um rúkkun félagsgjalda, hvatning til að senda út félagsgjöld á fyrirtæki, skoða afsláttartilboð í því samhengi.

### **4. Lagabreytingar**

Engar lágu fyrir fundi.

### **5. Ákvörðun félagsgjalds**

Lagt til óbreytt gjald, samþykkt.

Einstaklingar kr. 3.500. Fyrirtæki breytilegt, stjórn útfærir.

### **6. Kosning stjórnar**

Eru að ljúka kjörtímabili eða ætla út:

- Rósa Dögg Þorsteinsdóttir formaður
- Örn Guðmundsson gjaldkeri
- Lára Sigríður Örlygsdóttir meðstjórnandi

Tillaga að formanni, samþykkt:

- Rósa Dögg Þorsteinsdóttir

Tillaga að meðstjórnendum, samþykkt:

- Helgi Már Hannesson
- Anna Sigríður Jóhannsdóttir

Áfram sitja í stjórn Kristján Sigurbergsson og Reynir Örn Jóhannesson.

## 7. Kosning kjörnefndarmanna og skoðunarmanna reikninga

Kjörnefnd:

- Guðjón L. Sigurðsson kjörinn til tveggja ára.
- Soffía Valtýsdóttir situr áfram.

Skoðunarmenn:

- Þorvarður G. Hjaltason kjörinn til tveggja ára.
- Haukur Magnússon situr áfram.

## 8. Önnur mál

a. Félagsgjöld fyrirtækja, fyrirspurn um módelið. Er á heimasíðunni:

25.000 krónur á ári fyrirtæki / stofnun með 5 starfsmenn eða færri

50.000 krónur á ári fyrirtæki / stofnun með 6-24 starfsmenn

75.000 krónur á ári fyrirtæki / stofnun með 25-49 starfsmenn

100.000 krónur á ári fyrirtæki / stofnun með 50-99 starfsmenn

120.000 krónur á ári fyrirtæki / stofnun með 100-199 starfsmenn

150.000 krónur á ári fyrirtæki / stofnun með 200+ starfsmenn

Rætt um afslætti fyrir ný fyrirtæki, stjórn mótí stefnu. Spurt um sölupitchið?

b. Nafn félagsins.

Tillaga borinn upp og samþykkt:

Aðalfundur LFÍ 2020 leggur til að stjórn félagsins setji í gang vinnu við að finna félaginu nýtt nafn sem verði lögð fyrir aðalfund næsta árs.

Fundi slitið, að loknum fundi voru afhentar viðurkenningarskjöl Íslensku Lýsingarverðlaunanna 2020

### **Verðlaunaafhending Íslensku lýsingarverðlaunanna 2020.**

Verðlaunin voru kynnt í apríl á s.l. ári og nú voru viðurkenningarskjöl afhent lýsingarhönnuðum verkanna:

Lýsingarverkefni innanhúss:

**The Retreat at the Blue Lagoon.** Guðjón L. Sigurðsson, Reynir Örn Jóhannesson, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, Sandra Dís Sigurðardóttir / Liska




Lýsingarverkefni utanhúss:

**Gamla Steinbryggjan.** Andri Garðar Reynisson / Mannvit



Lampar og ljósabúnaður:

**Sole-Luna.** Guðjón L. Sigurðsson / Liska



Opinn flokkur:

**Organs.** Kristján Kristjánsson og Arnar Leifsson.

